



Lífsleikni

Námsefni:

Leikur að lifa

© Guðrún Ragnarsdóttir og Margrét Guðmundsdóttir 2006

Mál og menning / Edda útgáfa

Reykjavík 2006

Heimasíða: <http://www.forlagid.is>

Kennarar:

LKN 103

Sigurður Þórir Þorsteinsson

Guðrún Guðjónsdóttir

Íris Björk Eysteinsdóttir

Inga Ósk Ásgeirsdóttir

Ívar Rafn Jónsson

Guðný María Jónsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir

Guðmundur Þórhallsson

Hrönn Harðardóttir

Páll Jakob Malmberg

LKN 102 og 201

Anton Már Gylfason

LKN 113

Páll Jakob Malmberg

e-mail:

sigurdurth@bhs.is

gg@bhs.is

irisb@bhs.is

ingaosk@bhs.is

ivar@bhs.is

gudny@bhs.is

gr@bhs.is

gudmth@bhs.is

hronn@bhs.is

pallm@bhs.is

anton@bhs.is

pallm@bhs.is

Áfangalýsing:

Markmið áfangans eru margvísleg. Þar má nefna að aðstoða nemandann við að glöggva sig betur á námsleiðum skólans, hann átti sig á til hvers þær leiða og geri sér betur grein fyrir kröfum hugsanlegra viðtökuskóla eða atvinnulífs. Í áfanganum mun nemandinn einnig kynna sér skólastarfið og félagslíf innan skólans.

Lögð verður áhersla á að efla skilning nemandans á sjálfum sér, tilfinningum sínum, gildismati, lífsháttum og framtíðarsýn ásamt því að styrkja tjáningarhæfni og sjálfstraust þannig að hann geti sett fram eigin skoðanir og kenningar um margvísleg málefni og rökrætt þær við aðra nemendur. Unnið verður að því að efla samkennd nemenda þannig að þeir eigi með sér gefandi samskipti.

Nemandanum er bent á mikilvægi þess að rækta með sér andleg verðmæti, líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk. Hann eflir félagsþroska sinn, siðvit og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Nemandinn fær tækifæri til að hugleiða hvert stefnir, hver sé lífssýn hans og lífsgildi, búa sig undir að taka ábyrgð á eigin lífi og verða meðvitaður um ábyrgð sína sem neytandi. Unnið er að því að efla skilning nemanda á gerð samfélagsins og menningu í veröld þar sem landamæri verða sífellt veigaminni og maðurinn stendur andspænis mikilvægum verkefnum til að tryggja velferð jarðarbúa til framtíðar. Fjallað er um lýðræði,



Þátttöku á vinnumarkaði og í mótun samfélagsins, menningu og fjölmenningu, listir og umhverfi, og stöðu og hlutverk einstaklingsins andspænis samfélagi og náttúru.

Nemendur geta tekist á við mismunandi verkefni sem tengjast áfanganum og kynnt verkefnin fyrir samnemendum sínum með margvíslegum aðferðum við miðlun upplýsinga.

Námsmarkmið:

Nám í framhaldsskóla

Nemandi

- geti nýtt sér námsframboð og námsleiðir skólans á sem árangursríkasta hátt
 - sé fær um að skoða mismunandi námsleiðir, gera skipurit af þeim og meta hvert þær leiða
 - læri árangursríkar aðferðir við nám í framhaldsskóla
 -
 - fái tækifæri til að nýta sér ýmis sjálfsmatspróf til að meta áhuga- og hæfnisvið sín á gagnrýninn og raunhæfan hátt
- geti nýtt sér ýmsa félagsstarfsemi og aðra nemendabjónustu sem er í boði innan skólans
 - fái tækifæri til að kynnst og að taka virkan þátt í félagsstarfi skólans í samræmi við áhugasvið sitt
 - viti hvaða sérfræðibjónustu skólinn hefur upp á að bjóða og hvar hennar er að leita, t.d. umsjónarkennara, námsráðgjafa, skólasafnið

Þemaþættir

Nemandi

- dýpki skilning sinn á sjálfum sér og efla sjálfan sig sem persónu til að verða betur hæfur til að takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs; það felur í sér að nemandi
 - þekki tilfinningar sínar og kunni að bregðast við þeim
 - geri sér grein fyrir nauðsyn jákvæðrar sjálfsmyndar og rækti hana með sér
 - átti sig á mikilvægi góðra tengsla við fjölskyldu og vini, ásamt því að taka þátt í félagslífi
- velti fyrir sér stöðu sinni sem einstaklings innan samfélags og menningar; það felur m.a. í sér að nemandinn
 - átti sig á samhengi ímyndar, lífsstíls, gildismats og lífsskoðunar og fyrirætlana sem lúta að eigin framtíð
 - taki ábyrgð á eigin lífi sem m.a. felur í sér að tileinka sér heilbrigða lífnaðarhætti og taka ábyrga afstöðu til fíkniefna og lyfja sem notuð eru til lækninga
 - taki skynsamlega afstöðu til fjármála
 - læri að taka ábyrga afstöðu sem neytandi í flóknu og margbreytilegu samfélagi
 - fái þjálfun í að taka afstöðu til siðferðislegra vandamála
 - hugleiði hlutverk sitt í samfélaginu
 - geri sér grein fyrir réttindum og skyldum á vinnumarkaði
 - öðlist þekkingu á samfélagi sínu, m.a. því hvað felst í lýðræði
 - átti sig á mikilvægi þess að taka þátt í að móta og bæta umhverfi sitt með lýðræðislegum aðferðum, aðgerðum og umræðu



- þroski með sér víðsýni og skilning á ólíkri menningu
- fái tækifæri til að taka þátt í og njóta list- og menningarviðburða
- fái tækifæri til að fjalla um ýmis dægurmál sem upp kunna að koma hverju sinni, í tengslum við nám sitt, næsta umhverfi eða á opinberum vettvangi
-
- velti fyrir sér stöðu sinni sem einstaklings í samhengi við manngert og náttúrulegt umhverfi; það felur m.a. í sér að nemandinn
 - þroski með sér alþjóðavitund og ábyrgðarkennd gagnvart komandi kynslóðum um nýtingu á sameiginlegum auðlindum
 - átti sig á þýðingu hugtaksins sjálfbær þróun í umhverfismálum
 - skilji hvaða gagnvirku náttúru- og samfélagslegu öfl það eru sem stýra umgengni okkar við náttúruna og auðlindir jarðar
 - eflist í trúnni á að framlag hans sé einhvers virði, að hann sjálfur fái miklu áorkað í baráttunni fyrir bættu umhverfi
 - fái tækifæri til útivistar í íslenskri náttúru

Tjáning

Nemandi

- þjálfist í að kynna hugðarefni sín frammi fyrir öðrum á formlegan og óformlegan hátt
- fái þjálfun í að tjá og fylgja eftir skoðunum sínum, tilfinningum og hugðarefnum á opinberum vettvangi og í vinahóp
- geti átt auðgandi og gefandi samskipti við einstaklinga óháð kyni, kynferði, þjóðerni, trú og líkamlegu og andlegu atgervi
- geti beitt margvíslegum aðferðum við að koma hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri við aðra

Kennsluhættir:

Mikil áhersla er lögð á framlag nemenda í kennslustundum. Fyrirlestrar (kennarar, nemendur og gestir), umræður, einstaklings- og hópverkefni, farið í vettvangsferðir og ferðalag. Notuð verða nýsigögn, fjölmiðlar og netið við kennslu og úrvinnslu nemenda. Nemendur færa reglulega dagbók um starfið eftir nánari fyrirmælum kennara með það að leiðarljósi að rifja upp og taka rökstudda afstöðu til námsmarkmiða. Lögð er áhersla á að nemendur finni samfelluna í náminu með reglulegri upprifjun í eigin skrifum og öðrum verkum. Virkni nemenda í umræðum og samstarfi er nauðsynleg.

Heimavinna:

Heimavinna nemenda er afar mikilvæg. Þeir þurfa að lesa fyrir hvern tíma, skrifa dagbók og leysa þau verkefni í bókinni sem kennari leggur fyrir.



Ástundun:

Virgni nemenda í umræðum og samstarfi er nauðsynleg og er hluti af annareinkunn. Lögð er áhersla á að nemendur finni samfelluna í náminu með reglulegri upprifjun í eigin skrifum og öðrum verkum. Lagt er upp úr því að nemendur þekki hlutverk sitt bæði í kennslustundum og utan þeirra og fylgi skólareglum í hvívetna.

Mæting:

Góð mæting er afar mikilvæg. Kennari merkir við í upphafi tímans. Nemendur fá fjarvist þegar kennari hefur lokið fjarvistarskráningu. Ef nemendur koma eftir að kennari les upp verða þeir að gera grein fyrir sér. Annars stendur fjarvistin. Nemendur geta gert athugasemdir við skráningu viku eftir tiltekinn tíma, því er mikilvægt að fylgjast daglega með fjarvistarskráningu á Innu. Í því sambandi má hér minna á mætingareglur sem virka þannig gagnvart lífsleikninni að ef nemandi hefur óheimilar fjarvistir t.d. þrjá lífsleiknidaga (15F) er hann samkvæmt mætingareglum fallinn í lífsleikni á þessari önn.

Kennslufyrirkomulag:

Kennt verður 12 tíma á viku í 7 vikur. Á miðvikudögum er umsjónartími sem er hluti af lífsleiknikerfi skólans. Í þeim tíma kennum við kaflann *námið og ég*, ásamt því að fá kynningu á skólanum, bókasafni og einkaviðtöl við umsjónarkennarann.

Námsmat:

1. Dagbók	35%	} 100%
2. Leikur að lifa	35%	
3. Ástundun, frumkvæði, þátttaka og framfarir	20%	
4. Nemendafyrirlestur	10%	



Tímaáætlun fyrir nýannartilraun:

Vika	Kaflaheiti
1. 24/8 - 28/8	Kynning á áfanganum; Hópefli; <i>Ég um mig frá mér til mín.</i> <i>Tilfinningar – Ljósmyndamararþon</i>
2. 31/8 – 4/9	Ferðalag og íþróttadagur <i>Náttúra og samfélag - Sjálfbær þróun</i> <i>Fjölskyldan, vinir og félagslíf,</i>
3. 7/9 – 11/9	<i>Framtíðin – fjármálin – ta</i> <i>Sjálfsmynd, Gildismat og lífsstíll.</i> <i>Heilsan – Læknanemar (Ástráður)</i> <i>Fíkn og sjálfseyðandi lífsstíll</i>
4. 14/9 – 18/9	<i>Samskipti; Tjáning, framkoma og aðstæður –</i> <i>Áhugamálaþyrirlestur</i> <i>Siðferði og siðareglur</i>
5. 21/9 – 25/9	<i>Samfélag- réttindi og skyldur,</i> <i>Réttindi og skyldur á vinnumarkaði</i>
6. 28/9 – 2/10	<i>Menning og minnkandi heimur</i> <i>Menning og listir – Uppgjör</i>
7. 5/10 – 9/10	Hausthlé
8. 12/10 – 16/10	<i>Listir og menning (LIM)</i>
9. 19/10 – 23/10	
10. 26/10 – 30/10	
11. 2/11 – 6/11	
12. 9/11 – 13/11	
13. 16/11 – 20/11	
14. 23/11 – 27/11	

Á fyrstu vikum annarinnar verður farið í kynningu á bókasafnið.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

Með von um gott samstarf,

kennarar